

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
150 Reykjavík



Reykjavík, 26.03.2019
Tilv. 2019-0087 - 21.09.01 /ÞOR
GP/mp

Málefni: Breyting á tímasetningu friðunnar hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 21. mars 2019 (Tilvísun: ANR19030023) þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um ósk Landsambands smábátaeigenda um breytingar á tímalengd friðunar hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð, sem kveðið er á um í reglugerð 30/2005. Óskað er eftir að svæði opnist kl. 04:00 að morgni í stað 10:00.

Upphaflega kom þessi tímasetning til þess að netabátar gætu lagt net til þess að draga þau daginn eftir en ekki til þess að hægt væri að landa afla sama dag og lokun endar samkvæmt reglugerð 30/2005. Líkt og rakið hefur verið í fyrri erindum þar sem lagðar eru til breytingar á reglugerð 30/2005 telur Hafrannsóknastofnun að þegar á heildina er litið að vernd hrygningarsvæða yfir hrygningartímum, auki líkur á að klak heppnist við breytilegar umhverfisaðstæður á Íslandsmiðum. Stofnunin hefur því lagst gegn öllum breytingatillögum sem miða að því að grafa undan verndargildi lokanna um hrygningartíma þorsks og skarkola. Af þeim sökum leggst Hafrannsóknastofnun gegn tillögu Landsambands smábátaeigenda um að breyta tímamörkum úr klukkan 10:00 í 04:00.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Guðmundur Þórðarson